

Ársáætlun 2012



UMHVERFISSTOFNUN

2012

Ársáætlun 2012



UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2012 er samþykkt af neðan-
greindum í samræmi við árangursstjórnunarsamning milli
umhverfISRÁÐUNEYTIS og Umhverfisstofnunar

Kaistun L. Arnadóttir

FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR

UMHVERFISSTOFNUN

Magnús Jóhannsson

FYRIR HÖND UMHVERFISRÁÐUNEYTIS



Inngangur forstjóra

Stefnan sem Umhverfisstofnun setti sér fyrir árin 2008 til 2012 er að renna sitt skeið. Jafnframt því að ný stefna var mörkuð á árinu 2008 tók gildi nýtt skipurit sem tók mið af nýjum áherslum stofnunarinnar. Áhersla var lögð á miðlun upplýsinga til almennings og að bæta stjórnsýslu stofnunarinnar. Tekin var ákvörðun um að fá gæðavottun og umhverfsvottun og náðist sá áfangi á árinu 2011 með ISO vottun. Stofnunin setti sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfisstarfi og setti sér nýja umhverfisstefnu í því skyni. Jafnframt hefur áhersla verið lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila á öllum sviðum stofnunarinnar við ákvarðanatöku stofnunarinnar.

Ársáætlun Umhverfisstofnunar 2012 hefur að geyma verkefnaáætlun og rekstraráætlun. Sú nýjung er nú að almenn afgreiðsluverkefni stofnunarinnar hafa verið sett með áhersluverkefnum undir hvert og eitt markmið. Ársáætlun byggir á stefnu umhverfisráðuneytisins „Velferð til framtíðar“ og stefnu Umhverfisstofnunar 2008 til 2012. Jafnframt er tekið mið af sérstökum áherslumálum umhverfisráðherra t.a.m. uppbyggingu friðlýstra svæða, setningu marka um losun brennisteinsvetnis, vinna gegn akstri utan vega, frekari friðlýsingar svæða og að vinna að vistvænni lífsstíl allra landsmanna.

Á komandi ári mun Umhverfisstofnun marka sér stefnu til næstu fimm ára. Áhersla verður lögð á að greina stöðu Umhverfisstofnunar og byggja á þeim styrkleikum sem við höfum og taka á veikleikum. Ég tel mikilvægt að við séum afdráttarlaus um hvað við getum gert og hvað ekki. Þegar taka á ákvarðanir um forgangsörðun tel ég að horfa verði fyrst og fremst til þess hvar umhverfislegur ávinningur verði mestur og að lögbundin verkefni séu ávallt í forgangi. Við setjum strangar reglur um umhverfiskröfur og nú sem og alltaf verða þær að vera skýrar til að tryggja að þær virki á þann hátt sem ráð var fyrir gert. Ég tel að Umhverfisstofnun hafi mun traustari grunn en áður til að byggja á, gæðakerfi og umhverfisstjórnunarkerfi hafa verið innleidd, allir starfsmenn halda verkbókhalda og mun betri sýn er á verkefni stofnunarinnar sem auðveldar alla forgangsörðun. Mörg verkefni eru þó óunnin. Niðurskurður síðustu þriggja ára hefur verið mikill, sérstaklega þegar haft er í huga að styrkja þurfti málaflokka umhverfisverndar og náttúruverndar.

Á Alþingi er verið að vinna að þingsályktun til að tryggja að Ísland fari í átt að grænna hagkerfi. Til þess að slíkt megi takast þarf fjöldi aðila að leggja hönd á plóg og er Umhverfisstofnun tilbúin til að leggja sitt af mörkum. Talað er um að hafið sé grænt kapphlaup og að þær þjóðir sem skari fram úr í að bjóða upp á grænar lausnir og græna nýsköpun muni farnast vel í framtíðinni. Snjallar reglugerðir á umhverfissviði sem tryggja ekki einungis heilnæmt umhverfi heldur ýta undir grænar lausnir og nýsköpun er framtíðin. Umhverfisstofnun vill leggja sitt af mörkum til að ýta undir snjallar lausnir til grænni framtíðar.



FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR

Eftirlitsteymi

Vinnur að samræmdri eftirlitsáætlun, samræmingu þ.á.m. eftirlitsskýrslna og þvingunarúrræða og fer yfir fjölda áminninga og dagsektla til að fá yfirsýn yfir stöðu mála.

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Framkvæmdateymi

Skoðar verndarráðstafanir á fríðlýstum svæðum, vinnur tillögu að framkvæmdaáætlun, tillögu að valista yfir svæði í mestri hættu og tillögur að verkefnum sjálfbodaliða á fríðlýstum svæðum í umsjón stofnunarinnar.

Kristinn Valtýsson

Gagnaskilateymi

Framkvæmir úttekt á gagnagrunnum Umhverfisstofnunar, metur þörf og öryggi gagnagrunna, vinnur úttekt á meðferð gagna, gagnaskýrslur, birtingu og aðgengi að gögnum. Tillaga að stefnumörkun í gagnamálum og gagnaskilum.

Gunnar Steinn Jónsson

Haf- og vatnsteymi

Vinnuáætlun vegna haftilskipunar, gera kynningaráætlun fyrir haf- og vatnsmál og gera drög að viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar vegna bráðamengun hafs og stranda.

Heiðrún Guðmundsdóttir

Náttúruauðlindateymi

Innleiðing náttúruverndaráætlunar, Evrópsk löggjöf um náttúruvernd, úttekt á eftirlitsþörf með veiðum og ágengar framandi tegundir.

Hildur Vesteinsdóttir

Loftmengunarteymi

Kynningaráætlun fyrir loftgæði og loftslagsmál, eftirfylgni með landsáætlun um loftgæði og aðkoma að gæðamálum sem tengjast loftmengun.

Borsteinn Jóhannsson

Neytendamálateymi

Vefsvæði um neytendamál, fyrirspurnarform á heimasíðu og vinna að átaksverkefni til að kynna ýmis umhverfis- og varúðarmerki fyrir almenningi.

Bergþóra Skúladóttir

Úrgangsteymi

Yfirlit um flutning úrgangs, eftirfylgni með landsáætlun um úrgang og kynningaráætlun um úrgangslausn og leiðir til þess að draga úr henni.

Guðmundur Ingvarsson

Umhverfismatsteymi

Fjallar um umsagnir á MÁU, úttekt á málshraða vegna afgreiðslu mála (tvisvar á ári) og útbýr gátlista til að fara yfir mat á umhverfisáhrifum.


Svanfríður Dóra Karlsdóttir

Teymi

Markmið teyma Umhverfisstofnunar eru margvísleg en að grunni til tvenns konar. Annars vegar að tryggja þverfaglega vinnu og upplýsingastreymi í málaflokknum milli sviða og innan sviðs. Hins vegar að nýta þekkingu stofnunarinnar sem best við lausn verkefna og stefnumótun, stuðla að gagnkvæmu upplýsingastreymi og samræmi í úrlausnum við á sviði viðkomandi teymis. Samræmi í úrlausnum er meðal þess sem vænst er af teymisvinnu. Teymin eiga að miðla reynslu starfsmanna stofnunarinnar þeirra í milli. Hér til hliðar er listi yfir teymin og teymisstjóra.

Skipurit

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðsstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.



Mannauðsmál

Mannauðsmálin eru fjölbreyttur málaflokkur hjá hverri stofnun. Starf er skilgreint eða endurskilgreint, auglýst og síðan tekur ráðningarferlið við. Starfsmaður þróast í starfi með reynslu og skipulagðri fræðslu, innan stofnunar og utan, sem m.a. er fjallað um í árlegum starfsmannasamtölum. Hjá sumum kemur að leiðarlokum í starfi og þá eru þeir kvaddir og fylgt úr hlaði með starfslokaviðtali. Undanfarið ár hefur grettistaki verið lyft í mannaúðsmálum hjá Umhverfisstofnun, með aðkomu bæði stjórnenda svo og annarra starfsmanna, til þess að ná sem best utan um starfsferil hvers starfsmanns. Starfsánægjukannanir hafa verið gerðar og stjórnendamat einnig og unnið með þær niðurstöður sem þar hafa fengist. Nú er komið að endurskoðun á nokkrum veigamiklum þáttum og verður árið 2012 helgað þeirri endurskoðun. Fyrst ber að nefna eineltisferil stofnunarinnar. Þó ferillinn sé ekki gamall, þarf að rýna hann. Einkum er það vegna endurskoðunar á reglugerð um einelti sem nú stendur yfir en einnig vegna óska frá starfsmönnum um að skoðað verði hvort einelti og / eða ágreiningur starfsmanna á milli stofnana verði tekið með í ferilinn. Í öðru lagi er endurskoðun jafnréttisáætlunar á dagskrá en ekki náðist að ljúka við hana á árinu 2011. Í þriðja lagi er komið að endurskoðun á vefþækri starfsmannahandbók stofnunarinnar. Samhliða þessum þáttum verður unnið áfram að fjölmörgum reglubundnum og tilfallandi verkefnum sem fylgja mannaúðsmálunum.

Gildi Umhverfisstofnunar

Stofnunin og starfsmenn hennar hafa þrjú megingildi að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

FAGMENNSKA Að tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti

TRAUST Umhverfisstofnun njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnmalamanna

ÁBYRGÐ Stofnunin er ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna



Áframhaldandi þróun á árangursstjórnun

Umhverfisstofnun hefur tvö vottuð gæðakerfi; umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 og gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001. Vottunin var framkvæmd af faggiltri vottunarstofu.

Mikilvægi vottunnar gæðakerfa felst í því að hún staðfestir að þau eru virk; grunnurinn hefur verið lagður fyrir áframhaldandi þróun á árangursstjórnun stofnunarinnar. Það má segja að í starfinu verði ákveðin kaflaskil þar sem meginþungi vinnunar hefur undanfarin tvö ár legið í greiningu ferla og innleiðingar á þeim en verður nú settur á mælingar og fínstillingar á þegar innleiddum ferlum. Kjarnastarfsemin verður ávallt að vera í fyrirrúmi og verður lögð sérstök áhersla á að hlúa að henni á árinu 2012; mæla málshraða, stilla af verkþókhald, og tryggja að stofnunin hafi þær auðlindir sem þarf til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Innleitt hefur verið einfalt og öflugt gæðakerfi með skýrar boðleiðir og fagleg ábyrgð tryggt með framúrskarandi fagþekkingu starfsmanna. En auðlindir liggja ekki eingöngu í starfsfólki heldur þarf einnig að sjá til þess að starfsfólk hafi gott starfsumhverfi og upplýsingakerfi sem styður það við störf sín. Nú í upphafi næsta árs verða öll meginupplýsingakerfi stofnunar-

innar uppfærð í nýjustu útgáfu og stefnt að því að sníða stuðning þeirra betur að meginferlum stofnunarinnar. Á áætlun er einnig að stækka umfang umhverfisstjórnunarkerfisins sem hingað til hefur eingöngu náð til stærri stöðvana, í Reykjavík og á Akureyri, en gerð verður áætlun um innleiðingu hjá öllum starfsstöðvum stofnunarinnar á komandi ári.

Eins og sjá má á áhersluverkefnum fyrir árið þá er ferlagreiningu hvergi lokið og gert ráð fyrir að áframhald verði á útgáfu vinnuferla. Starfi í gæðamálum er aldrei lokið og ávallt hægt að verða betri, enda stýring verkefnisins sett upp með þá augljósu staðreynd fyrir augum að okkur kemur til með að verða á og að í mistökum felast tækifæri til að gera betur.

Vandi fylgir vegsemd hverri og lítum við svo á að með vottun á stjórnkerfum fylgi mikil ábyrgð sem endurspeglast í slagorði stofnunarinnar á næsta ári í gæðamálum: „Vandi fylgir vottun, vöndum okkur!“



Afgreiðslu- og áhersluverkefni 2012

Á árinu 2012 mun Umhverfisstofnun vinna að eftirfarandi verkefnum til að ná fram markmiðum sem sett hafa verið fram í stefnu Umhverfisstofnunar til ársins 2013. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til þess að ná betri árangri. Tengsl eru á milli áhersluverkefna og afgreiðsluverkefna þar sem undir liðnum áhersluverkefni eru eingöngu sett þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum. Í yfirliti yfir fjölda afgreiðsluverkefna eru setta fram rauntölur ásamt mati á hver fjöldi þeirra verði á næsta ári. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi og að hér eru eingöngu tiltekin helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar.

Í yfirliti yfir afgreiðsluverkefni eru sett fram málshraðaviðmið þar sem það á við. Málshraði er gefin upp í dögum og eru frídaga innifaldir í heildartölu ef undanskilinn er málshraði undir 5 dögum.

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi

Umhverfisstofnun gegnir fjölpættu hlutverki við utanumhald um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Stofnunin safnar saman upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda eftir uppsprettum og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi og skilar skýrslu þar um til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Þá gefur stofnunin út spár um losun gróðurhúsalofttegunda og metur hvort Ísland standi við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi.

Umhverfisstofnun hefur einnig umsjón með skráningarkerfi losunarheimilda, veitir fyrir-tækjum losunarleyfi og hefur eftirlit með því að

atvinnurekstur starfi í samræmi við losunarleyfi. Stofnunin gegnir lykilhlutverki hér á landi í framkvæmd viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS: Emission Trading System). Frá 1. janúar 2012 mun flugstarfsemi heyra undir viðskiptakerfið. Það mun krefjast mikillar vinnu á árinu 2012, auk þess sem á árinu mun einnig fara fram undirbúningur vegna fyrir-hugaðrar þátttöku margvíslegrar iðnaðarstarfsemi hér á landi árið 2013. Umhverfisstofnun miðlar enn fremur fræðslu og upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÖLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRAÐI
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda	5	5	5	5	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna atvinnurekstrar	-	8	20	4	-
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	-	1	1	10	-
Yfirferð eftirlitsáætlana vegna flugs	1	10	15	20	-
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	-	1	1	100	-
Útreikningur og/eða úthlutun losunarheimilda	-	15	18	25	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	-	-	-	50	-
Skýrsla til loftslagssamningsins	1	1	1	1	-

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRÐUNGUR
Losun gróðurhúsalofttegunda - Hvað get ég gert?	Svið umhverfisgæða	1
Meta losun loftmengunarefna frá vegasamgöngum með COPERT	Svið umhverfisgæða	1
Parfagreiðing: Rafrænt skilakerfi fyrir loftmengunargögn	Svið umhverfisgæða	2
Lista öryggiskröfur vegna aðgengis að viðkvæmum tölvukerfum s.s. ETS kerfi	Svið umhverfisgæða	2
Uppbygging á stjórnkerfi loftslagsmála – Taiex umsókn	Svið umhverfisgæða	2
Almenningi boðið að kaupa losunarheimildir – greining.	Svið umhverfisgæða	4

Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um eitufni og hættuleg efni og laga um efni og efnablöndur. Mikil þróun hefur verið í reglum um meðferð, notkun og markaðssetningu efna og efnablandna á síðastliðnum árum. Meiri áhersla er nú lögð á áhættumat, leyfisveitingar og upplýsingar um örugga notkun efna en áður hefur verið. Umhverfisstofnun hefur unnið að því að koma, í gegnum heimasíðu sína upplýsingum um notkun efna, sem og losun efna og loftgæði almennt til almennings í landinu.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með mengandi starfsemi í ákveðnum flokkum. Vinnsla og útgáfa starfsleyfa, sem og eftirlit með mengandi starfsemi, fer fram samkvæmt vottuðu gæðakerfi. Á árinu 2012 mun sérfræðingahópur á vegum IMPEL samstarfsins í Evrópu koma og taka út eftirlit Umhverfisstofnunar.

Hollustuháttamálin eru einnig fyrirferðarmikil í starfsemi stofnunarinnar. Umhverfisstofnun vinnur að því að gefa út leiðbeiningar og viðmið um hollustuhætti til að samræma sem best heilbrigðiseftirlit í landinu.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÓLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÓLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRÆÐI
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðaúðara	41	47	74	46	20
Starfsleyfi - útgefin	10		11	20	180
Umsagnir um undanþágu frá skráningu varnarefnis	23	20	31	20	7
Umsagnir um skráningu varnarefnis	5	2	7	10	60
Umsagnir um sölualeyfi eitur- og varnarefna	7	9	9	13	-
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni (XA-leyfi)	45	44	55	20	-
Útgáfa á markaðsleyfum fyrir sæfiefni	-	-	0	10	90
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	-	-	24	31	14
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	44	55	47	70	-
Mengunarvarnareftirlit	73	85	120	143	-
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	1	5	2	5	-

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRÐUNGUR
Áritanir fyrir innflutning á eitufnum - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	3
Gagnagrunnur um starfsleyfi og eftirlit	Svið fræðslu og upplýsinga	1
Mat á leiðum til að meta loftmengun frá minni atvinnurekstri og dreifðum uppsprettum – Taiex umsókn	Svið umhverfisgæða	2
Hávaði í umhverfi barna	Svið umhverfisgæða	1
Tölfræðisamantekt yfir frávik og athugasemdir í eftirliti árið 2011	Svið umhverfisgæða	1
Eftirlitshandbók - kafli um fyrirvalaust eftirlit	Svið umhverfisgæða	2
Skýrsla um vistvænni innkaup á skólavörum fyrir skóla og almenning	Svið umhverfisgæða	2
Baðvatnstilskipun – Taiex umsókn	Svið umhverfisgæða	2
Eftirlit með efnum á markaði – Taiex umsókn	Svið umhverfisgæða	2
Kynningarátak fyrir neytendur: Vafasöm efni í neytendavörum/Grænni lífsstíll	Svið umhverfisgæða	4
Úttekt á vegum IMPEL 2012 seinni hluta árs 2012	Svið umhverfisgæða	4
Uppfærsla á yfirliti yfir varnarefni	Svið umhverfisgæða	4
Skýrsla um stöðu skólpála á Íslandi	Svið umhverfisgæða	4
Losunarmörk á brennisteinsvetni frá jarðhitavirkjunum. Mat á leiðum og afleiðingum fyrir iðnaðinn.	Svið umhverfisgæða	4



MARKMÍÐ 3

Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenn- ingi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt

Stofnunin miðlar upplýsingum til margra ólíkra hópa, s.s. fyrirtækja og til einstaklinga, og um ólík málefni, allt frá upplýsingum um friðlýst svæði til reglugerða um efni og efnavörur. Öll þjónusta á að vera eins einföld og mögulegt er, s.s. með rafrænum umsóknum og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Gæði þjónustunnar skipta miklu máli og er unnið út frá viðmiðinu "allt í einni ferð" við uppbygg-

ingu rafrænnar þjónustu. Góð reynsla er t.d. af rafrænum umsóknum um veiðikort, skil á veiðiskýrslum og rafrænum umsóknum um veiðileyfi á hreindýr. Umhverfisstofnun mun leggja sérstaka áherslu á að miðla upplýsingum um umhverfismál til almennings á sama tíma og þjónusta við atvinnulífð verður bætt.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÓLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÓLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRÆÐI
Rafrænar umsóknir veiðikorta	15090	-	14476	15000	-
Skil á veiðiskýrslum	13252	-	12942	13000	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	3594	-	3879	4000	-

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRÐUNGUR
Uppfærsla útgáfuferils	Skrifstofa forstjóra	2
Jólablað 2012 - Góð ráð fyrir græn jól	Skrifstofa forstjóra	4
Umhverfisupplýsingar og skil á gögnum til EEA: Samantekt og verkáætlun	Svið fræðslu- og upplýsingar	2
Þarfagreining: Upplýsingakerfi til birtingar gagna á vefnum	Svið fræðslu og upplýsinga	4
Uppfæra CITES fræðslukassa í Leifsstöð	Svið náttúruauðlinda	1
Setja upp fræðsluefni um CITES á Reykjavíkurl-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli, í Norrænu og öllum tollstöðvum	Svið náttúruauðlinda	1
Ljósmyndakeppni í tengslum við friðlýst svæði	Svið náttúruauðlinda	3
Gerð fræðsluefnis á vefinn fyrir fyrirtæki varðandi umhverfisábyrgð	Svið náttúruauðlinda	3
Eye on Earth - Tengja loftgæðamælingar Umhverfisstofnunar inn á loftgæðavef Umhverfisstofnunar Evrópu	Svið umhverfisgæða	1
Útbúa heimasíðu sem uppfyllir kröfur loftlagssamningsins og ETS	Svið umhverfisgæða	4



MARKMÍÐ 4

Vernd, viðhald, endurheimt og nýting þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands

Náttúra Íslands er einstök og þær auðlindir sem þar finnast eru margvíslegar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda og viðhalda þeim gæðum sem felast í náttúrunni, þannig að komandi kynslóðir fá notið þeirra með sama hætti og við. Með það að leiðarljósi leggur Umhverfisstofnun mikla áherslu á gerð verndaráætlana á komandi ári ásamt því að sinna hefðbundnum verkefnum stofnunarinnar. Mikilvægi þess að standa vörð um náttúruna og þær auðlindir sem þar finnast hefur sjaldan verið jafn augljóst. Því veldur meðal annars aukin umferð ferðamanna um landið ásamt þeim kröfum sem Ísland þarf að uppfylla vegna alþjóðlegra skuldbindinga.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÓLUR 2010	ÆÆTLUN 2011	RAUNTÓLUR 2011	ÆÆTLUN 2012	MÁLSHRADI
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	10	20	37	45	30
Landvarðanámsskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	-
Fjöldi sjálfbóðaliðavikna	610	540	640	480	-
Friðlýsingar	0	-	7	5 ¹	-
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	10	20	37	45	-
Viðbrögð við meintum brotum vegna aksturs utan vega	-	-	6	6	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	-
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	3	3	2	2	90
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	6	6	5	6	-
Umsagnir um matsskyldu vegna tilkynningaskyldra framkvæmda	26	25	26	26	15
Umsagnir um tillögu að matsáætlun	2	5	7	7	15
Umsagnir um frummatsskýrslur vegna mats á umhverfisáhrifum	12	0	4	4	21
Umsagnir um umhverfisat áætlan	85	50	108	110	120
Umsagnir um undanþágur frá innflutningi á framandi lífverum	2	5	5	4	-

¹ Afar erfitt er að áætla hversu margar friðlýsingar verða að veruleika á ári hverju. Eins og sést af töflunni geta komið ár þar sem ekki næst að friðlýsa neitt svæði og svo önnur þar sem fjöldi svæða er friðlýstur. Síðan árið 2000 hafa friðlýsingar flestar orðið 8 á einu ár (2009). Meðaltalið á þessu tímabili er 2.83 svæði en miðgildið er 2.

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRÐUNGUR
Verndaráætlanir friðlýstra svæða - verklagsregla	Skrifstofa forstjóra	2
CITES leyfisveitingar - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	2
Eftirlit með framkvæmdum - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	2
Ferlagreining - sjálfbóðaliðastarf	Skrifstofa forstjóra	2
Greining með aðstoð erlendra sérfræðinga á tengslum byggðapróunar og Natura 2000 - Taiex umsókn	Svið náttúruauðlinda	1
Skýrsla um friðlýsingar	Sviða laga og stjórnsýslu	4
Kynning á Ramsarsvæðunum á Íslandi	Svið náttúruauðlinda	1
Námsheimsókn til EFSA í Pharma í Ítalíu og lands í Skandinavíu, t.d. Svíþjóðar vegna áhættumats, fræðslu og fleira varðandi erfðabreyttar lífverur - Taiex umsókn	Svið náttúruauðlinda	1
Fyrirlestur/vinnufundur fyrir hagsmunaaðila og almenning um besta verklag hjá ríkjum ESB varðandi áhættumat fyrir umsóknir um sleppingu erfðabreyttra lífvera - Taiex umsókn	Svið náttúruauðlinda	1
Verndaráætlun fyrir Hverfjall(Hverfell)	Svið náttúruauðlinda	1
Verndaráætlun fyrir Dimmuborgir	Svið náttúruauðlinda	1
Verndaráætlun fyrir Dyrhólaey	Svið náttúruauðlinda	1
Verndaráætlun fyrir Surtsey	Svið náttúruauðlinda	1
Verndaráætlun fyrir Fjallabak - fyrstu fjóru áfangar	Svið náttúruauðlinda	1
Kröfulýsing að gagnagrunni um friðlýst svæði: mótun aðferðafræði og samantekt gagna	Svið náttúruauðlinda	3
Aðstoð vegna innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins um umhverfisábyrgð - Taiex umsókn	Svið náttúruauðlinda	3
Úttekt á stöðu mála varðandi endurheimt birkiskóga og tillögur að áframhaldandi vinnu	Svið náttúruauðlinda	4
Erlend sérfræðiaðstoð og vinnufundur um verndaráætlanagerð fyrir Natura 2000 svæði - Taiex umsókn	Svið náttúruauðlinda	1



MARKMIÐ 5

Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna

Umhverfisstofnun hefur það að markmiði að veiðar í komandi framtíð verði stundaðar á ábyrgan hátt með siðferði og sjálfbærni að leiðarljósi. Til þess að ná þessum markmiðum mun Umhverfisstofnun vinna með hagsmunaaðilum í því augnamiði að ná samstöðu um tiltekin mál enda eru veiðar í sífelldri endurskoðun og þörf á viðtækri sátt um þær. Umhverfisstofnun sinnir einnig hefðbundnum verkefnum varðandi málefni hreindýraveiða sem snúa meðal annars að útgáfu veiðikorta, söfnun upplýsinga úr veiðiskýrslum ásamt útgáfu leyfa til hreindýraveiða.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÖLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRAÐI
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	86	50	34	170	40
Útgefin veiðikort	12679	12000	12665	12000	3
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1272	1001	1001	1009	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	13	20	16	21	15
Leyfi til að mynda villt dýr í náttúrunni	-	-	15	20	15
Skotvopnánámskeið	26 (1.000 manns)	25 (850 manns)	32 (800)	28 (700)	-
Veiðinámskeið	26 (1000 manns)	25 (850 manns)	32 (800)	28 (700)	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	0	1	1	2	-
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	-	-	16	26	-
CITES leyfisveitingar	30	40	25	30	15
Leyfisveitingar fyrir dýrahaldi í atvinnuskyni, sýningarleyfi, rekstrarleyfi	23	25	25	0	10
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	2	5	1	2	14

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRDUNGUR
Endurnýjun leyfa f. leiðsögumenn með hreindýraveiðum - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	2
Refir og minkar – verðlaunagreiðslur - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	2
Eftirlit með hreindýraveiðum - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	3
Ný matvælalöggjöf ESB og veiðar	Svið náttúruauðlinda	1
Hætta sem steðjar að hreindýrum	Svið náttúruauðlinda	2
Dúfnaveislan 2012	Svið náttúruauðlinda	3



MARKMÍÐ 6

Kynna rétt almennings til að njóta útivistar í náttúrunni og með því bæta og tryggja lýðheilsu

Umhverfisstofnun hefur lögum samkvæmt skyldum að gegna þegar kemur að umsjón, eftirliti og rekstri á friðlýstum svæðum. Uppsetning skilta, göngustígagerð, útgáfa bæklinga, fræðsluefni á veraldarvefnum, landvarsla og rekstur gestastofa eru helstu verkfærin sem stofnunin nýtir sér til að koma fræðsluefni áleiðis til almennings.

Friðlýst svæði draga gjarnan að sér ferðamenn. Í ljósi stóraukins fjölda ferðamanna er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir hversu mikið álag er á einstökum svæðum. Umhverfisstofnun telur þörf á aukinni fræðslu um hvað er góð umgengni við náttúruna og hvaða reglur skulu hafðar í heiðri innan friðlýstra svæða. Að sama skapi telur stofnunin mikilvægt að veittar séu helstu upplýsingar um náttúrufar á viðkomandi svæðum.

Umhverfisstofnun vinnur eftir fræðslu- og skiltaáætlun sem nær til ársins 2014. Samkvæmt áætluninni munu flest öll svæði sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar verða merkt með aðkomu- og fræðsluskiltum jafnt á íslensku sem ensku á næstu fjórum árum.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÓLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÓLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRAÐI
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	11	17	21	46	-
Útgefnir bæklingar	5	2	6	4	-
Fjöldi landvörsluvikna	287	260	162	199	-

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRDUNGUR
Málþing um lýðheilsu, útivist og náttúruvernd (með Lýðheilsustöð ofl.).	Svið náttúruauðlinda	2



MARKMÍÐ 7

Vistkerfisnálgun verði beitt við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi

Árið 2012 verður að mörgu leyti afgerandi varðandi verndun vatns og stjórnar vatnamála á Íslandi í samræmi við samþykkt nýrra laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun mun leiða náið samstarf með öðrum opinberum stofnunum, sveitarstjórnunum, hagsmunaaðilum og almenningi við undirbúning vatnaáætlunar og heildstæðrar stjórnunar-, vöktunar- og aðgerðaáætlunar vegna vatns. Einnig mun söfnun fyrirbyggjandi gagna um vatn í einn miðlægann gagnagrunn hefjast, þ.m.t. gögn um vistfræði vatna, sem og greining á álagi á vatn vegna athafna manna og vinna við flokkun á vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi vatna. Stofnunin mun auk þess leggja áherslu á málefni hafsins, þar með talinn viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun í samstarfi við stofnanir og aðra aðila. Að lokum má nefna að stofnunin mun sinna föstum vöktunarverkefnum er tengjast ástandi hafs og vatns og skila gögnum til alþjóðlegra stofnana.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÓLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÓLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRAÐI
Leyfi fyrir varpi í hafið og lagningu sæstrengja	2	5	4	5	30

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRDUNGUR
Málstofa vatnaáætlunar – Taiex umsókn.	Svið umhverfsgæða	4
Tilkynningar um úrgang og farmleifar frá skipum	Svið umhverfsgæða	1
Kynningarefni fyrir vefinn fyrir dag hafsins - halda upp á hann.	Svið umhverfsgæða	2
Áætlunir um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum	Svið umhverfsgæða	2
Samráðsfundur með HES um eftirlit með móttökustöðvum í höfnunum	Svið umhverfsgæða	2
Uppbygging á stjórn vatnamála – Taiex umsókn.	Svið umhverfsgæða	2
Vöktun ástands vatns, söfnun gagna og skil til alþjóðastofnana – Taiex umsókn	Svið umhverfsgæða	2
Vatnasvæðanefndum ýtt úr vör	Svið umhverfsgæða	2
Áfanga- og verkáætlun vegna innleiðingar vatnastjórnarkerfis	Svið umhverfsgæða	3
Ráðstefna um vatn og vatnastjórnun á Íslandi	Svið umhverfsgæða	3




MARKMIÐ 8

Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu

Markmið laga um meðhöndlun úrgangs er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfi og heilsu manna. Einnig að draga skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Lögð skal áhersla á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs og að förgun hans skuli háttáð þannig að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma. Það er hlutverk Umhverfisstofnunar að framkvæmd laganna sé með þeim hætti að markmið þeirra nái fram að ganga. Þessu hlutverki er m.a. sinnt með útgáfu starfsleyfa og framkvæmd eftirlits samkvæmt vottuðu gæðakerfi, leiðbeiningum til þeirra sem meðhöndla úrgang og markvissum upplýsingum til almennings um hvernig sé best að stuðla að meiri flokkun, endurnotkun og endurnýtingu úrgangs.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÓLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÓLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRAÐI
Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýraúrgangi	25	25	14	15	3
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	10	12	25	15	30

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRÐUNGUR
Landsáætlun um úrgang – Taiex umsókn.	Svið umhverfisgæða	4
Gerð lista yfir spilliefni sem heimilt er að taka á móti á gámastöðvum, kröfur um lágmarksaðbúnað við móttökuna og hámarks magn.	Svið umhverfisgæða	3
Leiðbeiningar varðandi merkingar á plastumbúðum.	Svið umhverfisgæða	3



MARKMIÐ 9

Stjórnsýsla stofnunarinnar verði skýrari og skilvirkari

Mörg verkefni Umhverfisstofnunar geta fallið með einum eða öðrum hætti undir markmið um skýrari og skilvirkari stjórnsýslu. Afgreiðsluverkefni sem hér eru felld undir það markmið lúta að því að undirbúa stofnunina og viðskiptavinum hennar undir breytingar á reglum en einnig að því að svara fyrir ákvarðanir sem teknar hafa verið og sæta formlegri kærðu.

Af neðangreindum tölum er ljóst að EES-gerðum þ.e. reglum frá Evrópusambandinu, sem koma til greiningar hjá Umhverfisstofnun er að fjölga. Fyrir liggur nokkur fjöldi gerða sem munu verða afgreiddar á árinu 2012 jafnframt sem búist er við fleiri gerðum á sviði efnamála, loftslagsmála o.fl. Frá Alþingi kemur fjöldi mála til skoðunar hjá Umhverfisstofnun og er þeim forgangsraðað eftir því með hvaða hætti þau verða verkefni stofnunarinnar. Nokkuð er um að þingnefndir óski eftir að sérfræðingar og/eða stjórnendur stofnunarinnar mæti á fundi nefndanna í kjölfar umsagnar.

Áhersluverkefni varða m.a. starfsmannamál stofnunarinnar enda mannauðurinn undirstaða þeirrar þjónustu sem veitt er. Einnig er um að ræða verkefni sem eiga að stuðla að bættum almennum verkferlum. Loks er gert ráð fyrir því að endurskoða og gera upp 5 ára markmið stofnunarinnar þar sem árið 2012 er síðasta ár áætlunarinnar. Niðurstaða þessa verkefnis verður ný áætlun sem markar stefnu stofnunarinnar til næstu ára.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÖLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRADI
Tillögur að reglugerðum	12	11	11	19	-
Greiningar á EES - gerðum	53	50	78	65	-
Umsagnir vegna stjórnsýslukæra	9	9	10	10	14
Þingmál frá Alþingi	27	20	42	35	-

ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRDUNGUR
Ábendingar til lögreglu um brot gegn lögum og reglugerðum (ársáætlun) - verklagsregla	Skrifstofa forstjóra	1
Tillögur að úrbótum á ábendingarkerfi	Skrifstofa forstjóra	2
Endurskoðun jafnréttisáætlunar	Skrifstofa forstjóra	2
Eineltisferill - endurbættur	Skrifstofa forstjóra	2
Endurskoðun markmiða Umhverfisstofnunar	Skrifstofa forstjóra	4
Skráning á tekjuferlum - tekjuskráningakerfi	Svið fjármála og reksturs	2
Úthlutanir úr vörslusjóðum - bókanir	Svið fjármála og reksturs	2
Bættur frágangur greiðsluskjala	Svið fjármála og reksturs	2
Tillaga til ráðuneytisins er varðar skýrari viðmið um undanþágur frá starfsleyfi sem ráðherra er heimilt að veita.	Svið laga og stjórnsýslu	3



MARKMÍÐ 10

Umhverfismerkingar leiði innkaup almennings og fyrirtækja

Neytendur vilja gjarnan vera ábyrgir í innkaupum og forðast vörur og þjónustu sem hafa neikvæð umhverfisáhrif. Vel þekkt og áreiðanleg umhverfismerki líkt og norræna umhverfismerkið Svanurinn gefa neytendum möguleika á að velja besta kostinn án þess að þeir þurfi að vera vel að sér í öllu er varðar umhverfisáhrif vegna framleiðslu vöru notkun eða þjónustu. Óhætt er að segja að Svanurinn sé í sannkölluðu oddaflugi enda fjölgaði svansmerktum fyrirtækjum um þrjú í fyrra og átta umsóknir bárust. Fyrirtæki og stofnanir geta, líkt og almenningur, haft veruleg áhrif á framboð af umhverfismerktri vöru og þjónustu. Mikil hagræðing getur einnig átt sér stað við umhverfisvænni innkaup því vistvæn innkaup eru skynsamleg innkaup. Mikilvægt er að styðja við stofnanir og fyrirtæki sem vilja innleiða vistvæn innkaup með því að standa fyrir öflugum samstarfi við stýrihóp og vinnuhóp um vistvæn innkaup og aðra þá aðila sem gera kaupendum kleift að velja vistvænt.

AFGREIÐSLUVERKEFNI	RAUNTÖLUR 2010	ÁÆTLUN 2011	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	MÁLSHRAÐI
Útgefin Svansleyfi	-	-	3	5	-
Umsóknir um Svansleyfi	-	-	8	10	-


ÁHERSLUVERKEFNI	ÁBYRGÐ	ÁRSFJÓRDUNGUR
Svansleyfisveiting - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	1
Gjaldtaka Svansins - vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	2
Skráning Svansmerktra vara-vinnulýsing	Skrifstofa forstjóra	3
Innkaupaklúbbur Svansins	Svið fræðslu og upplýsinga	2
Svanskynning fyrir hótél og verslanir	Svið fræðslu og upplýsinga	4
Svanurinn: Málstofa fyrir helstu hagsmunahópa	Svið fræðslu og upplýsinga	4



Gagnaskil

Skil til: EEA, EFTA, UNFCCC, UNECE, Basil, OSPAR, LRTAP, ESA og EUROCONTROL

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
<i>Hagskýrsluskil í umhverfismálum</i>			
Samvinna um hagskýrslugögn Hagstofan	EUROSTAT		
Úrgangsgögn (annað hvort ár)	EUROSTAT	30.6.2012	Hagstofan
Tölur um vatnsnotkun og skólp	EUROSTAT	15.10.2012	Hagstofan
Hávaðagögn Hagstofan	EUROSTAT		
Lífriki	EUROSTAT	31.3.2012	Hagstofan
<i>Lofslag og hnattræn mengun</i>			
ETS. Skýrsla um framkvæmd viðskiptakerfis	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
ETS. Upplýsingar um eftirlitsáætlanir um losun flugrekenda	EUROCONTROL	23.1.2012	Umhverfisstofnun
ETS. Losunarskýrslur flugrekenda	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
ETS. Listi yfir iðnfyrirtæki og bráðabirgðauðhlutun	ESA	30.4.2012	Umhverfisstofnun
Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.4.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.4.2012	Umhverfisstofnun
Töluleg gögn um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15.2.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15.3.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um innflutning ósoneyðandi efna	UNEP	30.6.2012	Umhverfisstofnun
<i>Loftegæði</i>			
Skýrslur um loftgæði og loftgæðamælingar	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Tölur um styrk óson að sumarlagi	EEA	Rauntíma	Umhverfisstofnun
Mánaðarleg samantekin gögn um óson	ESA	Mánaðarlega	Umhverfisstofnun
Árleg samantekt um óson	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Skýrslur um aðgerðir í loftgæðamálum	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Mat ástands loftgæða og aðgerðir	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Árleg skýrsla um áætlanir og aðgerðir í loftgæðamálum	ESA	31.12.2012	Umhverfisstofnun
Loftgæðagögn frá mælistöðvum	ESA	1.10.2012	Umhverfisstofnun



Úrgangur / skaðleg efni / vörur / jarðvegsmengun

Urðun úrgangs, skýrsla um framkvæmd	ESA	30.9.2013	Umhverfisstofnun
Skýrsla um framkvæmd úrgangsmála	ESA	30.9.2013	Umhverfisstofnun
Skýrsla um meðhöndlun úrgangsolíu	ESA	30.9.2013	Umhverfisstofnun
Skýrsla um meðhöndlun og meðferð seyru	ESA	30.9.2013	Umhverfisstofnun
Meðhöndlun rafeindaúrgangs	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um árangur í endurvinnslu á rafhlöðum	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um árangur við söfnun á úrgangsraflöðum	ESA	30.6.2013	Umhverfisstofnun
Skýrsla um framkvæmd tilskipunar um rafhlöðuúrgang	ESA	26.6.2013	Umhverfisstofnun
Skýrsla um framkvæmd tilskipunar um brennslu úrgangs	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Stöðublað um stefnumörkun í úrgangsmálum	EEA	15.5.2013	Umhverfisstofnun
Árleg viðbótarskýrsla um flutning á úrgangi	ESA	31.12.2012	Umhverfisstofnun
Árleg skýrsla til Basel samningsins	SBC	31.12.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um framkvæmd tilskipunar gegn vá af völdum mengunar	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um vöktun varnarefna	ESA	30.11.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um úrvinnslu ökutækja	ESA	21.1.2012	Umhverfisstofnun
Framkvæmd tilskipunar um úrvinnslu ökutækja	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um mengun jarðvegs	EEA	Ákveðið síðar	Umhverfisstofnun
Skýrsla um meðferð umbúðaúrgangs	ESA	30.9.2013	Umhverfisstofnun
Skýrsla um meðferð hættulegs umbúðaúrgangs	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Árlegar hagskýrslutölur um umbúðaúrgang	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um þrávirk lífræn efni	ESA	20.5.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um gæði fljótandi jarðefnaeldsneytis	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun

Vatn

Skýrsla um framkvæmd skólptilskipunar	ESA	eftir þörfum	Umhverfisstofnun
Ástandsskýrsla um stöðu skólpmála.	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um framkvæmd tilskipunar um nitur	ESA	30.6.2012	Umhverfisstofnun
Gögn um mælingar í sjó (ME-1)	EEA	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Gögn um mælingar í ám (EWN-1)	EEA	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Gögn um mælingar í stöðuvötnum (EWN-2)	EEA	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Gögn um mælingar í grunnvatni (EWN-3)	EEA	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Gögn um losun efna í vatn	EEA	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Vatnsauðlindin og vatnsnotkun (EWN-4)	EEA / EUROSTAT	31.10.2012	Umhverfisstofnun



Starfsemi / hávaði

Skýrsla um útstreymisbókhald (e-PRTR)	ESA	31.3.2012	Umhverfisstofnun
IPPC spurningarlistar	ESA	30.9.2012	Umhverfisstofnun

Land / líf og verndarsvæði

Flokkun landgerða (CLC) 2000 /2006/2012	EEA	Á áætlun	Landmælingar
Skrá yfir verndarsvæði (CDDA-1)	EEA	15.3.2012	Umhverfisstofnun
Töluleg gögn um lífríki í vatni (WISE-SOE)	EEA	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Skýrslur um framkvæmd tilskipana um erfðabreyttar lífverur	ESA	Eftir þörfum	Umhverfisstofnun
Erfðabreyttar örverur. Skýrsla.	ESA	5.6.2012	Umhverfisstofnun
Tölulegar upplýsingar um notkun dýra við rannsóknir	ESA	18.12.2012	Umhverfisstofnun

OSPAR samningurinn


Vöktun efnamengunar í sjó (CEMP)	OSPAR	31.7.2012	Mátis
Vöktun efnamengunar í úrkomu og lofti (CAMP)	OSPAR	30.9.2012	Veðurstofan
Framburður efnamengunar með ám (RID)	OSPAR	1.11.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um varp á úrgangi í hafið	OSPAR	1.10.2012	Umhverfisstofnun
Tilmæli 99/1 Um bestu fánlegu tækni varðandi PVC (e-PVC)	OSPAR	31.8.2012	Umhverfisstofnun
Tilmæli 2003/3. Losun og losunarmörk við framleiðslu á PVC	OSPAR	31.8.2012	Umhverfisstofnun
Tilmæli 2003/2 varðandi fund á hergögnum í sjó	OSPAR	1.9.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um losun fljótandi úrgangs frá kjarnorkustöðvum	OSPAR	30.9.2012	Umhverfisstofnun
Tilmæli 2003/5 um umhverfsgæðakerfi í iðnaði á sjó	OSPAR	15.10.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla um óhöpp, losun og frárennsli frá olíustöðvum á sjó	OSPAR	1.11.2012	Umhverfisstofnun

Ýmsir aðrir samningar

Skýrslur til samnings um verslun með lífverur í útrýmingarhættu	CITES	31.10.2012	Umhverfisstofnun
Skýrsla með upplýsingum um innleiðingu aðgerða	CITES	Eftir þörfum	Umhverfisstofnun
Arctic Monitoring and Assessment Programme	AMAP	Eftir þörfum	Umhverfisstofnun
Skýrsla til Bern samningsins (2 ára fresti)	BERN	1.1.2013	Náttúrufræðisstofnun
Aðrar þemaskýrslur til Bern samningsins	BERN	Eftir þörfum	Náttúrufræðisstofnun
Skýrsla um endurheimt votlendis	Ramsar	2012	Umhverfisstofnun
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	CBD	1.3.2012	Umhverfisráðuneytið

HELSTU REKSTRARLIÐIR

Áætlun 2012



Helstu rekstrarliðir

Umhverfisstofnun hefur verið gert, eins og öðrum ríkisstofnunum, að draga úr rekstri sínum vegna niðurskurðar í ríkisrekstri. Í fjárlögum fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir að gjöld stofnunarinnar verði lækkuð vegna sparnaðar um 21,1 m.kr. Þar á móti kemur að inn komu nokkur ný verkefni. Þar má nefna innleiðingur ETS viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir, rekstur Látrastofu, framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, framkvæmdir við Hverfjall og Dimmuborgir og framkvæmdir á friðlýstum svæðum almennt. Vegna þessara verkefna og launa- og verðlagsbóta hækka fjárheimildir um 164,8 m.kr. Nettóhækkun heimilda er því 143,7 m.kr. og heildargjaldaheimild stofnunarinnar fyrir árið 2012 er 1.080,9 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að tæplega 325 m.kr. verði innheimtar í sértekjur og markaðar tekjur. Ríkissjóður mun því greiða 756,2 m.kr. til stofnunarinnar vegna ársins 2012. Ljóst er að enn þarf að gæta ítrasta aðhalds í rekstri þannig að þessi niðurskurður komi sem minnst niður á verkefnum stofnunarinnar.

Við gerð rekstraráætlunar voru sett upp sparnaðarmarkmið fyrir hvert svið stofnunarinnar og sviðsstjórum gert að skila tillögum í samræmi við þau. Markmiðin voru mismunandi milli

sviða enda eðli rekstrarins mismunandi. Miðað var við að ekki þyrfti að segja upp þeim starfsmönnum sem nú starfa hjá stofnuninni eða fara í launaskerðingar.

Áfram verður lögð áhersla á að styrkja verkefna varðandi fjármál og kynningu á þeim fyrir starfsmönnum. Markmiðið er sem fyrir að stofnunin viðhafi nútímaleg vinnubrögð og gagnsæi í fjármálastjórnun. Eftirfylgni fjármála er þannig háttáð að mánaðarlega fara sviðsstjórar og deildarstjórar yfir stöðu útgjalda og tekna sins sviðs gagnvart rekstraráætlun en sviðsstjórar fara síðan yfir fjármál sinna sviða með fjármálastjóra. Niðurstaða þessara funda og heildarstaða stofnunarinnar er síðan rædd á sviðs- og deildarstjórafundum. Áfram verður fylgst sérstaklega með þeim tekjum sem innheimta á en stofnunin gerir ráð fyrir að innheimta um 354 m.kr. á árinu sem sértekjur og ríkistekjur.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir helstu gjaldaliði hjá stofnuninni, síðan helstu tekju-liði eftir hvort um er að ræða markaðar tekjur, sértekjur eða sérstakar sértekjur. Að lokum er gerð grein fyrir nokkrum sjóðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með ásamt stærri verkefnum.

Gjaldaliðir

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að heildar-gjöld stofnunarinnar verði 1.114,8 m.kr. sem er eilítið hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2012. Á móti kemur að tekjur eru áætlaðar um 30 m.kr. hærra en í lögum og að gert er ráð fyrir heimild til að nýta um 20 m.kr. frá fyrri árum. Þar er um að ræða 20 m.kr. til uppbyggingar Látrastofu sem komu á fjár-aukalögum 2008.

HELSTU LIÐIR Í ÞÚSUNDUM KRÓNA	SPÁ 2011	ÁÆTLUN 2012
LAUNAKOSTNAÐUR	511.643	552.562
FUNDIR OG FERÐIR	64.444	60.308
REKSTUR	31.056	27.167
ÞJÓNUSTA	153.403	163.093
HÚSNÆÐI	151.743	160.973
BIFREIÐAR	9.619	5.264
SKATTAR, FJÁRMAGNS- KOSTN.	1.217	391
EIGNAKAUP	23.318	7.615
TILFÆRSLUR *	127.255	137.471
REKSTRARKOSTNAÐUR ALLS	1.073.698	1.114.844
TEKJUR ALLS	306.140	354.201
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA	767.558	760.643

* TILFÆRSLUR ERU AÐ MESTU AÐGREIÐSLUR TIL BÆNDA VEGNA HREINDÝRAVEIÐA OG STYRKIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI

Tekjur umhverfisstofnunar

Sértekjur


Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir 167,2 m.kr. í sértekjur á árinu 2012 sem er hækkun frá fyrra ári og skýrist mest af hækkuðum tekjum af sérfræðiþjónustu. Aðrar helstu sértekjur stofnunarinnar eru vegna námskeiða sem haldin eru á vegum stofnunarinnar um 39 m.kr., vegna eftirlits með framkvæmdum í samræmi við náttúruverndarlög um 7,4 m.kr., tekjur vegna norræna umhverfismerkisins (Svansins) um 9 m.kr., og endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna erlends samstarfs um 5,4 m.kr. Ennfremur eru tekjur af aðgangseyri að Surtseyjarstofu annars vegar og Vatnshelli í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli hins vegar. Gert er ráð fyrir að þær nemi um 8,3 m.kr.

Markaðar tekjur

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 158 m.kr. í markaðar tekjur á árinu 2012. Gert er ráð fyrir að um 104 m.kr. komi inn vegna sölu á veiðileyfum til hreindýraveiða og um 45 m.kr. vegna innheimtu gjalds af veiðikortum. Meirihluta þessara tekna greiðir Umhverfisstofnun út til viðeigandi aðila sbr. nánari skýringar á einstökum sjóðum síðar

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti um 29 m.kr. í aðrar rekstrartekjur á árinu. Um er að ræða tekjur vegna mengunareftirlits í fyrirtækjum sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir.





Sjóðir í umsýslu Umhverfisstofnunar og stærri verkefni

HREINDÝRASJÓÐUR

Árlega auglýsir umhverfissráðuneyti veiðikvóta hreindýra að fengnum til lögum Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem umhverfissráðherra ákveður. Gjaldið rennur í sjóð sem notaður er til að greiða arð til landeigenda til að bæta tjón vegna ágangs hreindýra og jafnframt til að standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða og vöktunar Náttúrustofu Austurlands. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði um 104 m.kr. sem er hækkun frá fyrra ári og skýrist af áætlaðri samræmingu og hækkun á verði veiðileyfa.

VEIÐIKORTASJÓÐUR

Allir þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þurfa að afla sér veiðikorts í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikortana og tekur gjald fyrir. Gjaldið rennur í sjóð sem umhverfissráðherra úthlutar úr til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði við útgáfu og utanumhald vegna veiðikortakerfisins. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna veiðikorta á árinu 2012 verði um 45 m. kr.

VATNAMÁL

Umhverfisstofnun tekur við nýju verkefni við stjórn vatnamála í samræmi við löggjöf þar um. Verkefnið krefst nýrrar sýnar á stjórn vatnamála og er mikið samvinnuverkefni sem gengur þvert á stofnanir og stjórnvöld. Í heildina er gert ráð fyrir að kostnaður á næsta ári vegna þessa verkefnis verði um 100 m.kr. og er meginhluti þess fjármagns vistaður hjá Umhverfisstofnun sem sér síðan um að gera samninga við viðeigandi sérfræðistofnanir í samræmi við verkáætlun. Gert er ráð fyrir að samningar við sérfræðistofnanir og aðra aðila geti verið mismunandi milli ára eftir því sem verkinu miðar áfram.

SKOTVOPNA- OG VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ

Stofnunin heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið um allt land og voru þau um 32 á árinu 2011 en ráðgert er að halda 28 námskeið á árinu 2012. Samanlögð velta námskeiðanna á árinu 2012 er áætluð 26,2 m.kr. Veiðikortanámskeiðið er sex tímar bóklegt nám og skotvopnanámskeiðið 10 tímar bóklegt nám og fjórir tímar verklegur þáttur á skotvelli.

ENDURGREIÐSLA TIL SVEITARFÉLAGA VEGNA MINKAVEIÐA

Árlega ákveður umhverfissráðherra viðmiðunartaxta launa refa- og minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar. Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Sveitarfélög senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar ásamt reikningsyfirliti eftir lok uppgjörstímabils. Umhverfisstofnun endurskoðar reikninganna og endurgreiðir til sveitarfélaganna miðað við viðmiðunartaxta. Árið 2012 er gert ráð fyrir að engar endurgreiðslur verði til sveitarfélaga vegna refaveiða en áfram verði greitt vegna minkaveiða og gert ráð fyrir 19,4 m. kr. í þann málaflokk.



UMHVERFISSTOFNUN
umhverfisstofnun.is

Akureyri

Borgum við Norðurlóð
600 Akureyri
sími 591 2000

Egilsstaðir

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 471 2964

Ísafjörður

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

Mývatn

Hraunvegi 8
660 Mývatni
sími 464 4460

Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

Snæfellsnes

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 436 6860

Patreksfjörður

Aðalstræti 67
450 Patreksfirði
sími 591 2000

Vestmannaeyjar

Strandavegi 50
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000